

**Staðfesting stjórnar.**

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2000 með áritun sinni.

*Reykjavík, 22. maí 2001.*

**Hulda Valtýsdóttir.**

**Jónína Michaelsdóttir.**  
**Björn Teitsson.**

**Hulda Kristinsdóttir.**  
**Birgir Ísleifur Gunnarsson.**

*Sveinbjörn Hafliðason ritari.*

19. júlí 2001

Nr. 583

**AUGLÝSING****um deiliskipulag í Hvítársíðu, Mýrasýslu.**

Hreppsnefnd Hvítársíðuhrepps Mýrasýslu hefur samþykkt deiliskipulag fyrir áningarstað í grennd við Surtshelli.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 318/1985.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 19. júlí 2001.*

Fyrir hönd hreppsnefndar,

**Ólafur K. Guðmundsson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi.

19. júlí 2001

Nr. 584

**REGLUGERÐ****um úrræði til að bregðast við greiðsluvanda vegna lána Íbúðalánasjóðs.****I. KAFLI****Almenn ákvæði.****1. gr.***Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til úrræða Íbúðalánasjóðs til þess að bregðast við tímabundnum greiðsluvanda lántakenda vegna lána sem sjóðurinn hefur veitt og vegna lána sem veitt hafa verið í tíð eldri laga um Húsnæðisstofnun ríkisins og Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið, sbr. 53. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

**2. gr.***Orðskýringar.*

Fjármálastofnun í reglugerð þessari merkir viðskiptabanki eða sparisjóður, sem Íbúðalánasjóður hefur gert samning við, sbr. 2. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 18. gr. laga um hús-